



Alþingi
Landbúnaðarnefnd
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Þórshöfn 8. júlí 2003

Efni : Frumvörp til ábúðar- og jarðarlaga.

Á fundi Landbúnaðarnefndar Þórshafnarhrepps 18. júní s.l. voru neðangreindar bókanir samþykktar samhljóða m.a.:

4. Mál. Jarðalög.

Nefndin gerir athugasemd við 5. kafla 30. gr. um forkaupsrétt sveitarfélaga um jarðir. Mælum með 13. gr. um félög um eignarhald lands.

5. Mál. Ábúðarlög.

Bókun vísað til bréfasafns. Bókun er svo hljóðandi: " Varðandi frumvarp til ábúðarlaga sem okkur var falið að yfirfara viljum við koma eftirfarandi á framfæri. Flestir þeir sem hefja búskap / landbúnaðarstarfsemi, munu hafa í huga að gera hann að ævistarfi. Eigi einstaklingur ekki ábúðarjörð sína þurfa ákvæði laga að vera skýr og tryggja stöðu og atvinnuhagsmuni hans jafnframt því sem hagsmunum eigenda og umhverfis er gætt, en í raun eiga þeir allir að fara saman. Nokkur undansláttur virðist okkur í frumvarpinu og að sumu leiti afturhvarf til fornra tíma hvað varðar öryggi leiguliða. Félagshyggja á undanhaldi. Jarðir munu í ríkari mæli hverfa úr ábúð og verða leikföng en ekki lífsviðurværi. Við minnum á, að ríkið er stærsti jarðeigandi í landinu og þarf ekki nauðsynlega að taka undir þann söng, hvað varðar mig um hina. " Við álitum að ábúðartími ríkisjarða sé eðlilegur og æskilegur eins og kveðið er á í nágildandi lögum þ.e. lífstíðarábúð. Við teljum rétt að viðmiðanir séu settar við jarðarafgjaldsstofn og þak á þau, enda óvíst að hámrörkun stundargróðans sé það heppilegasta fyrir eigendur, ábúendur og umhverfi. 21. gr. Við leggjum til að niður falli og verði eign jarðeiganda, í staðinn, og seljist ekki með henni, annars er tæplega gætt jafnræðis, 22. 23. og 24 gr. þrengja rétt leiguliða og nánast getur talist eðlilegt að leigja eign og geta síðan tekið undan stóran hluta eftir geðþótta. Vart getur eigandi hafið úrbætur á leigðri eign nema til komi vanefndir ábúanda eða það sé gert í fullu samráði við hann. Ýmislegt er fært til nútímans og betra horfs og 8. gr. um byggingarbréf finnast okkur til framfara 9. gr. síður. 10. gr. þar gilda greinilega ekki ákvæði " Rekabálks Jónsbókar " eða hvað? Tímabært. "

Ofan ritað var tekið fyrir á fundi hreppsnefndar Þórshafnarhrepps miðvikudaginn 2. júlí s.l. og var samþykkt samhljóða.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Sveitarstjórinn á Þórshöfn

Björn Ingimarsson
sveitarstjóri